

# Landeigendur Hólakoti

Brynjólfur Jónsson, Vogatungu 18, 200 Kópavogi • John Zalewski, Dalseli 18, 109 Reykjavík • Lúðvík Kaaber, Klukkulandi, 471 Þingeyri • Sæmundur Þorvaldsson, Lyngholti, 471 Þingeyri  
Fyrirsvarsmaður: Lúðvík Emil Kaaber, Klukkulandi, 471 Þingeyri



Ísafjarðarbær  
Berist til byggingafulltrúa og tæknideildar  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafirði.

Klukkulandi, 15. júní 2020.

Heill sé yður.

Ég rita yður þetta bréf sem þinglýstur fyrirsvarsmaður ofangreindrar jarðar í Ísafjarðarbæ samkvæmt 9. gr. jarðalaga.

Að höfðu sambandi við fasteignamat Þjóðskrár og að fengnum leiðbeiningum þar sæki ég hér með um „niðurrif“ á sumarbústaðarhrófi í okkar eigu, er á Hólakotsjörð stendur. Fasteignarnúmer bústaðar þessa er sagt F2249129. Tjáir fasteignamat mér að um tvo matshluta sé að ræða, „01“, er sé 65,7 m<sup>2</sup> sumarbústaður, og „02“, er sé 10,8 m<sup>2</sup> geymsluhús. Teljum við byggingar þessar ónýtar og koma þær í veg fyrir að við getum nýtt þessa jörð okkar eins og hugur stendur til.

Er það vilji okkar og ætlan að fara eldi um byggingarnar síðsumars eða þegar hausta tekur. Þeirri hugmynd hefur verið skotið að slökkviliðsstjóra að hann æfi þar lið sitt. Tók han því vel.

Samkvæmt upplýsingum fasteignamats er lóð umhverfis byggingarnar. Mun það vera lóð sú sem samið var um að tilheyrði bústaðnum áður en hann var byggður. Hefur samningi okkar, sem jarðeigenda, við lóðarhafana verið sagt upp og samningnum aflýst hjá sýslumanni. Þess er einnig farið á leit að lóðin verði sameinuð Hólakotsjörð þegar umræddar byggingar hafa verið jafnaðar við jörðu.

Óska ég þess hér með að erindi þetta verði af velvilja mótt ekið og þau gjör gjörð sem gjöra þarf af yðar hálfu til að vilji okkar gangi farsælega eftir í máli þessu.

Virðingarfyllt,  
fyrir mína hönd og sameigenda minna,

Lúðvík Emil Kaaber

Afrit afhent slökkviliðsstjóra  
til upplýsingar.

MÓTTEKIÐ

15 JUN 2020

Ísafjarðarbær